

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 2001 - maí 2002

BIRGITTA SPUR

Sýningar

Norræn farandsýning *Hærra til þín/Passionstones* sem efnt var til í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn lauk þann 21. október 2001. Eftir að hafa verið á Íslandi í Færeyjum og í Lyngby við Kaupmannahöfn var hún sett upp í *Museet på Sønderborg Slot* á suður Jótlandi (04.05.01 – 12.08.01) og að lokum í *Museet for Religiøs Kunst med Bodil Kaalund Samlingerne* í Lemvig á norður Jótlandi (25.08.01 – 21.10.01). Starfsmenn safnsins, Birgitta Spur og Geirfinnur Jónsson, fylgdu sýningunni eftir og settu hana upp á öllum sýningarstöðunum og báru ábyrgð á þökkun. Listasafn Sigurjóns sá um bókhald sýningarinnar. Heildarvelta þriggja ára var 8.346.520 kr. og er þar innifalin vönduð sýningarskrá. Norræni menningarsjóðurinn styrkti sýninguna með DKK 300.000 og allir sýningarstaðir lögðu fram ákveðið gjald DKK 50.000. Sýningin kom út á sléttu miðað við að greitt hafi verið fyrir vinnuframlag LSÓ.

Sumarsýning safnsins 2001 bar heitið *Hefð og nýsköpun* og fjallaði um 30 ára tímabil í list Sigurjóns 1930–1960. Á sýningunni voru alls 24 ljósmyndir af verkum, sem eru staðsett erlendis og 24 þrívíð verk úr steini, tré, brons, gifsi og brenndum leir. Sýningunni fylgdi samantekt um verkin og tímabilið á íslensku og ensku.

Með gestasýningu Helga Gíslasonar myndhöggvara í safninu í september og október, var haldið áfram þeirri stefnu að bjóða íslenskum myndlistarmönnum, sem vinna í þrívídd, að sýna í safninu. Áður hafa Páll á Húsafelli og Örn Þorsteinson haldið sýningar í boði safnsins.

Sýning Helga bar heitið *Speglanir* og þar voru 13 ný verk úr málmi og 7 teikningar, allt frá 1999–2001 og höfðu ekki áður verið sýnd opinberlega. Í september var safnið opið alla daga nema mánudaga, eins og á sumrin. Sýningunni fylgdi vönduð sýningarskrá með formála eftir Birgittu Spur, viðtali Æsu Sigurjónsdóttur listfræðings við Helga ásamt 10 ljósmyndum af verkum eftir hann. Seðlabanki Íslands veitti 100.000 kr. styrk til verkefnisins. Sýningin var opnuð þann 1. september og var forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, meðal gesta við opnunina.

Sýning vetrarins 2001–2002 nefndist *Kynlegir kvistir* (10.11.20 – 05.05.02). Valin voru verk sem hafa ekki verið sýnd mjög oft, en eiga það sameiginlegt að vera frjáls verk listamannsins, þar sem hann gaf ímyndunaraflinu lausan tauminn. Hið prímítívíska myndmál er áberandi og má rekja það til fyrstu formtilrauna Sigurjóns á fjórða áratugnum, en þær voru liður í leit framúrstefnumanna að nýju myndmáli.

Yfirlitssýning á verkum Sigurjóns var haldin í Listasafninu á Akureyri frá 2. mars til 7. apríl 2002 og var það í fyrsta sinn sem sýning á verkum Sigurjóns hefur verið sett upp norðan heiða. Verkin spönnuðu tímabilið 1938 til 1982 og voru 22 talsins; tuttugu þeirra voru fengin að láni úr LSÓ og Listasafn Íslands lánaði steinhausana af Sigurði Nordal og Ásgrími Jónssyni. Starfsmaður safnsins pakkaði sérhverju af verkum safnsins í sérsmíðaðan kassa, fylgdi sýningunni norður, hafði veg og vanda að uppsetningu sýningarinnar þar - og sá um að koma henni heilli til baka. Birgitta Spur opnaði sýninguna sem fór mjög vel í salarkynnum Listasafnsins á Akureyri. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur ritaði grein í bækling sem fylgdi sýningunni.

Tónleikar

Þriðjudagstónleikar sumarsins 2001 hófust 12. júní og stóðu til ágústloka. Alls komu fram 25 tónlistarmenn á 12 tónleikum. Listi yfir þriðjudagstónleikana fylgir þessari skýrslu.

Aðrir tónleikar:

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar (18.05.01)

Tónskáldafélag Íslands – Myrkir Músikdagar (11.02.02)

Tvennir nemendatónleikar Listaháskóla Íslands (22.04.02 og 24.04.02)

Önnur starfsemi

Að venju var salur safnsins rammi um móttökur og aðra atburði og skulu hér nokkrir nefndir:

- Frú Karen Marie Hansen, eiginkona Ingvars Hansen, forseta danska þjóðþingsins, heimsótti safnið (30.04.01). Var þetta liður í opinberri heimsókn til Íslands.
- Afhending tónlistarverðlauna úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat (26.07.01).
- Dagana 5. – 7. nóvember 2001 leigði fyrirtækið Hans Petersen alla aðstöðu í safninu fyrir sýningu á nýjum ljósmyndavörum.
- Afhending menningarverðlauna VISA Ísland (22.03.02).
- Snyrtivörukynning ARTICA (03.04.02).
- Haldnar voru fjórar stærri veislur í safninu auk fjölda styttri móttaka með leiðsögn.

Rannsóknir og útgáfustarfsemi

Á vegum safnsins var gefin út sýningarskrá vegna sýningar Helga Gíslasonar í september og október eins og greint hefur verið frá.

Aðalsteinn Ingólfsson ritaði stuttan en gagnorðan texta um list Sigurjóns fyrir sýninguna í Listasafninu á Akureyri í mars/apríl 2002.

Listasafn Sigurjóns tók að sér að tölvuskrá seðlasafn, sem Björn Th. Björnsson hefur gefið Listasafni Háskóla Íslands. Var verkið unnið af Helgu Guðmundsdóttur í febrúar og mars 2002.

Unnið er jöfnum höndum að því að uppfæra skrár safnsins. Í aðalskrána er bætt við sýningasögu sérhverrar myndar, og skráðar aðrar heimildir svo sem eigendaskipti, afsteypur, viðgerðir. Ljósmyndaskrá er uppfærð eftir því sem bættist við ljósmyndaðign safnsins en safn sendibréfa og annarra slíkra gagna frá tíð Sigurjóns hefur verið efnistekið og skráð.

Kynning

Sumarið 2001 keypti safnið eigið lén á veraldarvefnum og er það vistað hjá Hringiðunni hf. Jafnframt því var búið til netsíðukerfi með upplýsingum um Sigurjón, safnið og einstakar sýningar. Heimasíðan heitir *www.iso.is*. Þá breyttist pósthfang safnsins úr *Iso@vortex.is* í *Iso@iso.is* (og væntanlega fleiri @iso.is). Akkilesarhæll safnsins í netmálum er nú að símalínan út á nesið er loftlína og eru tengingar og gagnaflutningur háður veðri og vindum.

Upplýsingar um Sigurjón og list hans er einnig að finna á ýmsum vefslóðum. Þar má nefna Safnahandbókina - Íslandsdeild ICOM, Upplýsingamiðstöð myndlistar, Menningarnetið, Menntanetið, Ferðamálaráð Íslands og Icelandtotal.com.

Listasafn Sigurjóns tók þátt í íslenska safnabæturáttinni með leiðsögn um samarsýningu safnsins 08.07.01.

Í febrúar 2002 þáði nýstofnað *Dansk Plakatumuseum* í Árósum helstu veggspjöld sem LSÓ hefur gefið út og verða þau skráð þar í Íslandsdeild safnsins.

Listaverk utan safnsins

Tvö fyrirtæki, vinveitt safninu, hafa að láni listaverk úr umsjón safnsins, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen og Húsfélagið Sundaborg.

Skipulagsmál

Deiliskipulag fyrir Laugarnes var samþykkt í borgarráði 12. september 2000. Ekkert fjármagn hefur til þessa verið sett í það að lagfæra heimreiðina eða leggja síma og rafmagn í jörðu. Hefur hið síðarnefnda atriði veruleg óþægindi í för með sér og truflar mjög nettenginu safnsins.

Um miðjan september 2001 var hins vegar hafist handa við að leggja gönguslóða um nesið á vegum garðyrkjustjóra.

Rekstrarmál

Ríkissjóður veitir rekstrarstyrk til safnsins 6 milljónir króna fyrir árið 2002. Umsóknum fyrir sérhvert ár er skilað inn til menntamálaráðuneytis í febrúar árið áður og fylgir safnstjóri henni eftir á fundi með menntamálaráðherra. Um haustið fundar safnstjóri með fjárlaganefnd og leggur þá fram samþykktu ársskýrslu og ársreikninga síðasta árs ásamt endurskoðaðri rekstrar og fjárhagsáætlun líðandi árs og þess næsta. Höfum við lagt áherslu á að allar verk- og fjárhagsáætlanir séu eins réttar og kostur er, og eru þær endurskoðaðar a.m.k. tvisvar á ári.

Þann 21. maí 2001 var undirritaður þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar sem nær til þriggja ára. Starfi LSÓ eftir honum leggur Reykjavíkurborg safninu til kr. 2.9 Mkr árið 2001, 3.1 Mkr 2002 og 3.3 Mkr árið 2003.

Uppsetning listaverka

Breska bronssteypufyrirtækið Pangolin Editions stækkaði *Fótboltamenn* Sigurjóns frá 1936 upp í 2.5 metra hæð og steypiti í brons. Akraneskaupstaður keypti verkið og var það afhjúpað á Faxatorgi á Þorláksmessu 2001 við hátíðlega athöfn.

Húsnæðismál

Listaverk safnsins eru geymd í safninu og í leiguhúsnæði á Vitastíg. Í deiliskipulagi fyrir Laugarnes er safninu ætlaður reitur fyrir geymslu allt að 200 m² með nokkuð stífum ákvæðum þó.

Gipsmódel, sem verið hafa í geymslu hjá Kristiania Kunst & Metalstøberi, hafa nú öll verið flutt í tryggja geymslu. Birgitta var í Ósló dagana 13. – 17. apríl 2002 og gerði frekari ráðstafanir til að láta senda nokkur verkanna heim til Íslands, tvö verk voru send til viðgerðar hjá gipsmaker Kluge í Ósló, nokkur verk eru geymd hjá Björn-Tore Hansen, sem nú er í forsvari fyrir nýju fyrirtæki undir gamla heitinu Kristiania Kunst & Metalstøberi. Níu módel eru geymd hjá Erlingi Jónssyni myndhöggvara. Takmarkið er að láta gera bronsafsteypur af öllum verkunum sem eru í Ósló, bæði fyrir sölu og fyrir safneign LSÓ.

Gróf áhöld, vinnuborð Sigurjóns, pökkunarefni og fleira, eru geymd í gámi á lóð Landsvirkjunar við Hesthál.

Ráðstefnur

Forstöðumaður safnsins sótti Myndlistaþing í Listasafni Reykjavíkur 26.10.01.

Fyrirhugaðar sýningar

Framlag Listasafns Sigurjóns til Listahátíðar í Reykjavík 2002 verður sýning sem ber heitið *KONAN – Maddama, kerling, fröken, frú...* og veitir Listahátíð framlag til atburðarins. Á sýningunni verða ellefu höggmyndir eftir Sigurjón sem ellefu skáldkonur hafa ort ljóð við. Þær munu lesa ljóð sín við opnunina en á meðan á sýningunni stendur geta gestir hlustað á ljóðin af geisladiski, sem einnig verður til sölu í safninu. Sýningarskrá var litprentuð með ljóðunum og ljósmyndum af öllum verkunum. Sýningin verður opnuð 23. maí og stendur til 30. júní.

Á sumarsýningu safnsins sem opnar 6. júlí verða valin verk eftir Sigurjón undir heitinu *Hin hreinu form*.

Gjafir

Þýski ljósmyndarinn Hermann Schlenker, sem starfaði hér á landi á árunum 1958 – 61 og tók meðal annars margar ljósmyndir af Sigurjóni og verkum hans sem prýða bókina um Sigurjón, sendi safninu að gjöf allt filmusafn sitt sem tengist Sigurjóni og verkum hans ásamt ótakmörkuðum rétti til birtingar. Þetta eru milli 400 og 500 ljósmyndir og er safninu ómetanleg gjöf.

Í þessu sambandi skal þess einnig getið að erfingjar Sigurðar Guðmundssonar ljósmyndara hafa veitt safninu frían afnotarétt af þeim myndum sem Sigurður tók af Sigurjóni og verkum hans á árunum 1945 – 65.

Margir aðrir ljósmyndarar hafa verið safninu afar velviljaðir í sambandi við birtingu ljósmynda af verkum Sigurjóns og má þar nefna Guðmund Ingólfsson, Önnu Fjólu Gísladóttur, Skarphéðinn Haraldsson, Lars Bay, Kurt Hardi, Mats Wibe Lund, Hans Petersen, Pál Stefánsson og Leif Þorsteinsson.

Safnmunir

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 2001–2002 alls 370.

Fjöldi safngesta

á árinu 2001 var um 4.000.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir er kr. 300 fyrir fullorðna, 200 kr. fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna og skólahópa. LSÓ er aðili að Gestakorti Reykjavíkur.

Opnunartími

Almennt er safnið opið sem hér segir:

1. júní – 31. ágúst: Alla daga nema mánudaga kl. 14 – 17

1. sept.– 31. maí: Laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

Starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu eru Birgitta Spur forstöðumaður og Geirfinnur Jónsson. Helga Guðmundsdóttir hætti hjá safninu 31. mars 2002 og býr nú og starfar í Frakklandi. Hún hóf störf við safnið 1995 og þá við skráningu listaverka og annarra upplýsinga en tók fljótt þátt í allri starfsemi safnsins. Vetruna tvo 1997 – 1999 stundaði hún framhaldsnám í listasögu við Háskólann í Montpellier. Eru henni þökkuð góð störf fyrir safnið. Ásdís Þórhallsdóttir leikstjóri hefur unnið ýmisleg lausastörf fyrir safnið og reynst safninu ómetanleg.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundur var haldinn: 19.11.01.

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Karólína Eiríksdóttir og Geirfinnur Jónsson.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnason (formaður) og Víkar Pétursson.

Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Birgitta Spur, Matthías Johannessen og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Endurskoðandi safnsins

er Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi.

SUMARTÓNLEIKAR 2001

12. júní **Sif Tulinius** fiðla og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** píanó flytja nokkur vel þekkt og vinsæl verk eftir Gluck, Corelli, Wieniawski, Ysaÿe, Chausson og Ravel.
19. júní **Gerður Bolladóttir** sópran og **Júlíana Rún Indriðadóttir** píanó flytja verk eftir Samuel Barber: *Three Songs op. 2, KNOXVILLE – Summer of 1915*, og *Four Songs op. 13*, og sex verk eftir Jórunni Viðar.
26. júní **Signý Sæmundsdóttir** sópran og **Póra Friða Sæmundsdóttir** píanó. Frumflutningur tveggja sönglaga eftir Atla Heimi Sveinsson við texta Madame Béatrice Cantoni. Sönglög eftir Ernest Chausson, Francis Poulenc og Karl O. Runólfsson.
3. júlí **Pórunn Guðmundsdóttir** sópran og **Ingunn Hildur Hauksdóttir** píanó. Sönglög eftir Gabriel Fauré, Richard Strauss, Karl Ó. Runólfsson, Árna B. Gíslason, Gunnar Sigurgeirsson, Pál Ísólffsson, Jórunni Viðar og Loft Guðmundsson
10. júlí **Ingibjörg Guðlaugsdóttir** básúna og **Þorsteinn Gauti Sigurðsson** píanó. *Sónata í c-moll* eftir Georg Philipp Telemann, *Fantaisie* eftir Zygmunt Stojowski *Morceau symphonique* eftir Philippe Gaubert og *Sónata* eftir Paul Hindemith.
17. júlí **Símon H. Ívarsson** og **Jörgen Brillung** gítarleikarar. Úr *Andante con variazioni* eftir L. v. Beethoven, *Þrjú íslensk þjóðlög* útsett af Jóni Ásgeirssyni, *Koyunbaba op. 19* eftir Carlo Comeniconi, *La Clemenza di Tito* eftir W.A. Mozart og *Hommage a Django Reinhardt* og *Dag skal að kvöldi lofa* eftir Gunnar Reyni Sveinsson.
24. júlí **Svava Kristín Ingólfssdóttir** mezzósópran og **Iwona Ösp Jagla** píanó flytja *Se tu m'ami* eftir Alessandro Parisotti, *Frauenliebe und Leben* eftir Robert Schumann, verk eftir norrænu tónskáldin Sibelius, Ture Rangström, Gösta Nystroem og Jórunni Viðar. Einnig flytja þær óperuaríur.
31. júlí **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanó leika *Sónötu í e-moll KV 304* eftir W.A. Mozart, *Sónötu í G-dúr op.30 nr.3* eftir L.v. Beethoven og verk eftir Saint-Saëns, Þórarinn Jónsson og Nováček.
7. ágúst **Berglind María Tómasdóttir** flauta og **Arne Jørgen Fæø** píanó flytja *Le merle noir* eftir Messiaen, *Þrjár músíkmínútur* eftir Atla Heimi Sveinsson, *Sónatínu* eftir Dutilleux, *Columbine* eftir Þorkel Sigurbjörnsson og *Tónsmíð fyrir vinstra heilahvel – (heilafruma deyr)* eftir Kolbein Einarsson frumflutningur.
14. ágúst **Guðrún Ingimarsdóttir** sópran og **Heike Matthiesen** gítar flytja verk eftir John Dowland, Mátyás Seiber, Jorge Morel, Jayme Ovalle, Paurillo Barroso, Heitor Villa-Lobos, Fernando Sor, Francisco Tárrega, Joaquin Rodrigo og Federico Garcia Lorca.
21. ágúst **Kristín Mjöll Jakobsdóttir** fagott og **Jón Sigurðsson** píanó. *Rómansa* eftir Robert Schumann, *Fagottsónata* eftir Ríkarð Örn Pálsson, *Rapsódía fyrir fagott* eftir Willson Osborne, *Sónötubáttur* eftir Mikhail Glinka og *La Muerte del Angel* eftir Astor Piazzolla.
28. ágúst **Ingibjörg Guðjónsdóttir** sópran, **Einar Jóhannesson** klarinett og **Valgerður Andrésdóttir** píanó. Verk fyrir sópran, klarinett og píanó eftir Franz Lachner, Louis Spohr, John McCabe og íslensk tónskáld.